

a. ÷ 30 kr. = 96 kr. 36 a. og ber því að staðfesta undirrettardóminn með þessari breytingu. Sem málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að skuldarupphæðin ákveðst 96 kr. 36 a. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Sigurður Bjarnason stefnda Ingvari Ingvarssyni 20 krónur.

Dóminum að tullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1896:

Carl J. Guðmundsson  
gegn

Birni Stephánsyni.

D ó m u r :

Með dómi sýslumannsins í Suður Múlasýslu, uppkveðnum 27. sept. f. á., var áfrýjandinn verzlunarstjóri á Búðum í Fáskrúðsfirði Carl J. Guðmundsson dæmdur fyrir ærumeidandi orð við stefnda Björn bónda Stephánsson í Dölum í Fáskrúðsfirði í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi, og hin ærumeidandi orð voru dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda í málskostnað 39 kr. 60 a. En dómi þessum, sem birtur var áfrýjandanum 4 nív.

f. á., hefir hann nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. maí þ. á.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdóm-inum, að hann verði algjörlega sýknaður af kær-um og kröfum stefnda og stefndi dæmdur í hæfi-legan málskostnað, en *til vara*, að hin idæmda sekt verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Hinn stefndi hefur þar á móti gjört þá rjettarkröfu, að áfrýjandi verði dæmdur til sekta eða fangelsis eptir strangleik laganna og hin á-töldu ummæli dæmd dauð og ómerk; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar. En með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað sökinni, verður þess-um kröfum hans eigi gaumur gefinn, að svo miklu leyti sem þær fara út fyrir undirrjettardóminn.

Að vísu var máli þessu í hjeradi stefnt fyrir lög-reglurjett, sem ekki átti að vera, sbr. inngangs-orð tilsk. 15. ág. 1832, en þar sem með það hefur verið farið að öllu verulegu sem venjulegt auka-rjettarmál, er eigi ástæða til fyrir þá sök að dæma ómerkan dóminn í því eða málsmedferðina.

Meiðyrði þau, sem átaln eru í málinu, eru svo tilkomin, að 1. nóv. 1894 var stefndi staddur í sölubúð verzlunar þeirrar, er áfrýjandi veitir forstöðu, og hafði þá áfrýjandinn þau orð við stefnda í áheyrn fleiri manna, að hann væri »versti (eða »mesti«) þakkari í Fáskrúðsfirði«. Áfrýjandinn hefur kannazt við að hafa við haft ummæli þessi um stefnda, en hann hefur viljað halda því fram, sumpart að orðin, rjett skilin, eigi heima um stefnda, sumpart, að stefndi hafi gefið



tilefni til móðgunarinnar með því að drótta því að sjer, áður en orðin fjellu, í áheyrn búðarmanna, að hann (áfrýjandi) hefði vísvitandi reiknað af honum 10 kr. í viðskiptareikningi hans við verzlunina. Hvorugt þetta hefur þó áfrýjanda tekizt að rökstyðja eða sanna gegn neitun stefnda, og þar sem hin átöldu ummæli hljóta að teljast ærumeiðandi fyrir stefnda, verður að fallast á, að undirdómarinn hefur dæmt ummælin dauð og ómerk og látið áfrýjanda sæta refsingu fyrir þau, sem þykir eigi of hátt ákvedin, samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, 40 kr. sekt, eða til vara 12 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins samþykkjast einnig, en auk þess ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn verzlunarstjóri Carl J. Guðmundsson greiði í sekt til landssjóðs 40 kr., en sæti ella, ef öll sektin er eigi greidd í tæka tíð, 12 daga einföldu fangelsi. Hin átöldu ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi samtals 59 kr. 60 a.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.